

Fundagerð.Mætt eru: Ólafur Oddur,Atli Már,Ingibergur, Helgi og Eva Dögg.

1. Fundargerð 812 lesin upp og samþykkt.

Umræðu um fundargerð 812 er frestað til næsta fundar.

2. Aðsent efni.

Borist hefur tímarit varðandi Gouren. Í því er viðtal við Evu Dögg, Marín Laufey, Magnús Karl og Ólaf Odd varðandi Franska meistaramótið í backhold.

3. Evrópumeistaramótið.

Mótið rætt. Keppendur og erlendir gestir ánægðir. Var mál manna að þetta hefði verið eitt besta Evrópumót sem haldið hefur verið.

Sérstök ástæða að þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að mótinu, án þeirra hefði þetta ekki gengið svona vel.

4. Íslandsglíman. Fór fram á Selfossi ásamt Grunnskólamóti. Bæði mótin gengu mjög vel og var almenn ánægja með þau.

5. Mótadagskrá 2013-2014

Tillaga frá Ólafi um að hvíla mótariðina þetta keppnistímabil. Hafa í staðinn Haustmót GLÍ og Landsflokkaglímu í mars. Keppendum hefur fækkað undanfarin ár í mótariðinni.

26. apríl er fyrirhugað að halda Íslandsmeistaramót í Backhold. Hugmynd að fá Skota eða Englendinga til landsins, æfa glímu og kenna Backhold. Skipt yrði í sveitir og keppt í glímu og backhold.

Samþykkt að hafa Öldungamót GLÍ 2.nóvember á Hvolsvelli, í kjölfarið á Sveitaglímu 15 ára og yngri.

Tillaga frá Ólafi um að endurvekja Úrvalshóp GLÍ. Stjórnin samþykkir það.

Stjórn GLÍ samþykkir tillögu nefndar að mótadagskrá fyrir keppnistímabilið 2013-2014, með fyrirvara um smávægilegar breytingar.

6. Skipað í nefndir GLÍ.

Stjórn GLÍ samþykkir tillögu að nefndum GLÍ.

7. Keppnisferðir erlendis.

Ólafur Oddur fór í keppnisferð með Einar Eypórsson til Sardiníu. Ferðin gekk með ágætum. Einar varð í fjórða sæti í sínum flokki.

8. Önnur mál.

Landsmót UMFÍ á Selfossi gekk vel. Mikill skortur á keppendum, aðeins tveir sem kepptu ekki fyrir hönd HSK.

Unglingalandsmót á Höfn. Mótið fór fram í knattspyrnuhöllinni á Höfn um verslunarmannahelgina. Ólafur Oddur var sérgreinastjóri glímunnar. Mótið var mjög fjölmennt og góð stemning myndaðist á mótinu. Nokkuð stór hluti keppenda hafði aldrei æft glímu og fékk þar góð kynni af íþróttinni. Ólafur telur að glímukeppni á Unglingalandsmótinu gefi krökkum jákvæða mynd af glímuíþróttinni, og að þetta sé ein besta glímukynningin.

9. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið

Atli Már Sigmarsson